# Arion banki helstu atriði

# 2021

**14,7%**

Arðsemi eigin fjár

**44,4%**

Kostnaðarhlutfall

**19,6%**

Hlutfall eiginfjárþáttar 1

**Lánshæfismat S&P**

Langtíma: BBB+

Skammtíma: A-2

Horfur: Stöðugar

The Banker
Bank of the Year 2021
ICELAND

UNEP FINANCE INITIATIVE | PRINCIPLES FOR RESPONSIBLE BANKING

**Jafnlaunavottun**

PRI Principles for Responsible Investment

## Arion banki

- Arion banki þjónar heimilum, fyrirtækjum, stofnunum og fjárfestum. Þjónustusvið bankans eru þrjú: viðskiptabankasvið, fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið og markaðir. Dótturfélögin Stefnir og Vörður auka enn frekar þjónustuframboð bankans. Stefnir er eitt stærsta sjóðastýringafyrirtæki landsins og Vörður tryggingar býður upp á skaða- og líftryggingar.
- Arion banki gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu með fjármögnun framsækinna og sjálfbærra lausna og sjálfbærni er órjúfanlegur hluti af daglegri starfsemi bankans, ákvarðanatöku hans og ferlum
- Fjölbreytt þjónustuframboð Arion banka felur í sér að tekjugrunnur starfseminnar er breiður og lánasafn bankans er vel dreift á milli einstaklinga og fyrirtækja annars vegar og atvinnugreina hins vegar
- Bankinn hefur verið leiðandi á sviði stafrænna lausna og nýsköpunar. Hefur fjöldi nýrra stafrænna lausna verið kynntur á undanförnum árum og stuðla þær að bættri þjónustu við viðskiptavini og aukinni skilvirkni í starfseminni sem til lengri tíma litið mun leiða til lægri rekstrarkostnaðar víða í bankanum
- Bankinn leggur áherslu á upplifun viðskiptavina á öllum sviðum bankans
- Í árslok 2021 er Arion banki með 21 milljarð króna í umfram eigið fé og gerir ráð fyrir að greiða arð og/eða kaup á eigin bréfum til viðbótar við tillögu um arð og uppkaup eigin bréfa, samtals að fjárhæð 26,7 milljarða króna til að ná 17% hlutfalli eiginfjárþáttar 1 í samræmi við markmið

## Lykiltölur

(millj. kr.)

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Hagnaður ársins | 28.615 | 12.469 |
| Arðsemi eigin fjár | 14,7% | 6,5% |
| Vaxtamunur | 2,8% | 2,9% |
| Kostnaðarhlutfall | 44,4% | 48,1% |
| Rekstrartekjur/Áhættugrunnu | 7,6% | 7,0% |
| | **31.12.2021** | **31.12.2020** |
| Heildar eignir | 1.313.864 | 1.172.706 |
| Lán til viðskiptavina | 936.237 | 822.941 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 655.476 | 568.424 |
| Lántaka | 356.637 | 298.947 |
| Lán í þrepi 3 brúttó | 1,9% | 2,6% |
| Vogunarhlutfall | 12,6% | 15,1% |
| Starfsmannafjöldi | 751 | 776 |
| EUR/ISK | 147,60 | 156,10 |

### Arðsemi eigin fjár (%)




### Afkoma ársins (ma.kr.)




### Vaxtamunur (%)




### Kostnaðarhlutfall (%)




### Eiginfjárþáttur 1 (%)




### Lausafjárhlutfall (%)



# Fyrirvari

Yfirlit þetta er eingöngu ætlað til upplýsinga og er ekki ætlað sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessu yfirliti fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í yfirliti þessu, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.

Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Yfirlit þetta felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.

Upplýsingar sem fram koma í yfirliti þessu eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.

Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í yfirlitinu eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við það. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.

Þetta yfirlit inniheldur framtíðarsýn sem endurspeglar núverandi sýn stjórnenda um framtíðina og fjárhagslegan árangur framtíðarinnar. Upplýsingar í yfirlitinu eru byggðar á gögnum félagsins, sem fyrir liggja, þegar yfirlitið er birt. Þó Arion banki telji að gefnar væntingar séu raunhæfar er enga vissu hægt að gefa fyrir því að þær gangi eftir. Af þeim sökum getur endanleg niðurstaða orðið umtalsvert frábrugðin umræddum væntingum. Þær forsendur sem mikilvægastar eru og gætu valdið annarri útkomu hjá Arion banka: a) þróun efnahagsumhverfis, b) þróun verðbólgu, vaxta og gjaldmiðla, c) þróun samkeppnisumhverfis og d) breytingar á regluverki og aðrar aðgerðir stjórnvalda. Þessir þættir eru alls ekki tæmandi taldir. Yfirlýsing þessi gefur ekki til kynna að Arion banki hyggist eða hafi breytt sinni framtíðarsýn á neinn hátt, umfram það sem fyrir liggur um breytingar á lögum eða gildandi kauphallarreglum ef og þegar aðstæður koma upp sem kalla á breytingar frá þeim tíma er þessi kynning var birt Arion banki ber ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem kann að hljóta af notkun upplýsinga í kynningu þessari. Óheimilt er að endurbirta eða dreifa upplýsingum í kynningunni án skriflegs samþykkis Arion banka.

Móttaka þessa yfirlits skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.

Með móttöku þessa yfirlits fellst móttakandi á ofangreindan ábyrgðarfyrirvara.